


FYLGIHUTABLAD TИНNU

Apríl 2011

2



LEIÐRÉTTINGAR

TINNA
HEILDSALA



1

Hvítur krugi með hálskraga

Hönnuður: Helga Hreinsdóttir

Stærð: Ein stærð.

Garn: Balder

Hvít nr. 402: 4 dokkur

Prjónar: Nr. 7 – 8

Fitjið upp 168 lykkjur og prjónið köngulóamunstur, 10 sm.

Köngulóamunstur:

1. prjónn (rangan): 1 slétt (kantlykkja). *Takið 1 lykkju óprjónaða eins og eigi að prjóna hana brugðna, prjónið 2 lykkjur brugðnar saman, steypið óprjónuðu lykkjunni yfir lykkjurnar sem voru prjónaðar saman, (nú hafa 2 lykkjur verið teknar úr). Aukið síðan í 2 lykkjur í næstu lykkju með því að prjóna 3 sinnum í sömu lykkju áður en henni er sleppt fram af prjóninum þannig: Prjónið 1 slétta, 1 brugðna, 1 slétta, allt í sömu lykkju, takið þá lykkjuna fram af vinstri prjóninum*. Endurtakið frá * til *, endið á 1 sléttri lykkju (kantlykkju).

2. prjónn: 1 slétt (kantlykkja), prjónið brugðið að síðustu lykkjunni, endið á 1 sléttri lykkju (kantlykkju).

3. prjónn: 1 slétt (kantlykkja), *aukið í 2 lykkjur í næstu lykkju með því að prjóna 3 sinnum í sömu lykkju (eins og útskýrt er á 1. prjóni), takið síðan úr 2 lykkjur (eins og á 1. prjóni)*. Endurtakið frá * til *, endið á 1 sléttri lykkju (kantlykkju).

4. prjónn: Eins og 2. prjónn.

Endurtakið þessa 4 prjóna alls 10 sm. Prjónið síðan áfram slétt prjón (slétt á réttu, brugðið á röngu) 3 prjóna og takið jafnframt úr þannig: 1. prjónn: *Prjónið 2 br. lykkjur, 2 br. saman*. Endurtakið frá * til * alla umferðina.

2. prjónn: Slétt.

3. prjónn: *Prjónið 4 br. lykkjur, 2 br. saman*.

Endurtakið frá * til * alla umferðina.

Fellið af.

Kragi: Fitjið upp 68 lykkjur og prjónið stroff

í hring, 2 sléttar, 2 brugðnar, samtals 10 sm.

Prjónið þá fram og til baka, byrjið og endið á

1 sléttri lykkju. Prjónið þannig 12 sm. Fellið af.

Saumið lengjuna við kragann með teygjutvinna.

Byrjið á hægri öxl, saumið allan hringinn og þá er það sem eftir er saumað undir neðri hluta.

Heklaður kantur neðan á kraga: Byrjið á kantinum sem er undir kraganum. Festið þráðinn og heklið 6 loftlykkjur, hoppið yfir u.þ.b. 6 lykkjur og heklið 1 fastapinna. Heklið þannig utan um allan kragann. Snúið við og heklið í loftlykkjubogana: 1 fastapinna, 1 hálfstuðul, 2 stuðla, 1 hálfstuðul, 1 fastapinna. Klippið frá.

Heklaður kantur á stroffkraga: Byrjið á hægri horni að framan, festið þráðinn og heklið 4 loftlykkjur, hoppið yfir u.þ.b. 4 lykkjur og heklið 1 fastapinna. Heklið þannig að vinstra horni, snúið við og heklið í loftlykkjubogana: 1 fastapinna, 2 hálfstuðlar, 1 fastapinna. Klippið frá og gangið frá endum.



11

Grár krugi

Hönnuður: Helga Hreinsdóttir

Stærð: Ein stærð.

Garn: Balder

Grátt nr. 415: 3 dokkur.

Prjónar/heklunálar: Heklunál nr. 7-8 og Prjónar nr. 7-8.

Skammstafanir:

Ll. = loftlykkja.

Kl. = keðjulykkja.

Fp. = fastapinni.

St. = stuðull.

Hst. = hálfstuðull.

Llb. = loftlykkjubogi.

Tvöf.st. = tvöfaldur stuðull.

Munstur:

1. umf./prjónn: *3 sl., 1 br.*. Endurtakið frá * til * út prjóninn.

2. umf./prjónn: Slétt á réttu, br. á röngu.

3. umf./prjónn: 1 lykkja slétt, 1 br. *3 sl., 1 br.*.

Endurtakið frá * til * út umferðina.

4. umf./prjónn: Slétt á réttu, br. á röngu.

Endurtakið umf. 1-4 allan kragann.

Fitjið upp 63 lykkjur.

Prjónið 8 umf. í hring. Prjónið gataröð með sl. prjóni þannig: *Sláið uppá, prjónið 2 sl. saman*, endurtakið frá * til * út umf. Aukið út 24 lykkjur með jöfnu millibili = 86 lykkjur á prjóninum. Skiptið stykkinu í fram- og bakstykki (43 lykkjur á hvoru stykki).

Framstykki: Prjónið fram og til baka og takið úr þannig: Prjónið 1 lykkju, prjónið 2 lykkjur saman, prjónið þar til 3 lykkjur eru eftir á prjóninum, prjónið 2 lykkjur saman, prjónið 1 lykkju. Takið þannig úr á 3. hverri umferð 6 sinnum síðan í 2. hverri umferð þar til 3 lykkjur eru eftir á prjóninum.

Fellið af.

Bakstykki: Prjónið eins og framstykki.

Heklaður kantur í kringum kragann og hálmálið: Heklið *1 fp. í næstu lykkju, 1 st., 3 tvöf.st., 1 st.*. Endurtakið frá * til * út umferðina. Heklið loftlykkjusúru og fastapinna til baka u.þ.b. 120 sm. og þræðið í gataröðina.



12

Síður hvítur eða brúnn krugi

Hönnuður: Helga Hreinsdóttir

Stærð: Ein stærð.

Garn: Balder

Hvít nr. 402: 3 dokkur eða Brúnt nr. 408: 3 dokkur.

Prjónar/heklunálar: Heklunál nr. 7-8 og Prjónar nr. 7-8.

Skammstafanir:

Ll. = loftlykkja.

Kl. = keðjulykkja.

Fp. = fastapinni.

St. = stuðull.

Hst. = hálfstuðull.

Llb. = loftlykkjubogi.

Tvöf.st. = tvöfaldur stuðull.

Munstur:

1. umf./prjónn: *3 sl., 1 br.*. Endurtakið frá * til * út prjóninn.

2. umf./prjónn: Slétt á réttu, br. á röngu.

3. umf./prjónn: 1 lykkja slétt, 1 br. *3 sl., 1 br.*.

Endurtakið frá * til * út umferðina.

4. umf./prjónn: Slétt á réttu, br. á röngu.

Endurtakið umf. 1-4 allan kragann.

Fitjið upp 86 lykkjur. Prjónið 20 umf. fram og til baka. Skiptið stykkinu í fram- og bakstykki, 43 lykkjur á hvoru stykki.

Framstykki: Prjónið fram og til baka og takið úr þannig: Prjónið 1 lykkju, prjónið 2 lykkjur saman, prjónið þar til 3 lykkjur eru eftir á prjóninum, prjónið 2 lykkjur saman, prjónið 1 lykkju. Takið þannig úr á 3. hverri umferð 6 sinnum síðan í 2. hverri umferð þar til 3 lykkjur eru eftir á prjóninum.

Fellið af.

Bakstykki: Prjónið eins og framstykki.

Heklaður kantur í kringum allan kragann:

Heklið *1 fp. í næstu lykkju, 1 st., 3 tvöf.st., 1 st.*. Endurtakið frá * til * út umferðina.

Blóm á brúna kragann: Heklið 6 ll. Tengid í hring með 1 kl. Heklið 10 fp. í hringinn. endið á 1 kl. í fyrsta fp. Heklið *6 ll., 1 fp. í 2. hvern fastapinna*. Endurtakið frá * til * (= 5 bogar). Í hvern boga er nú heklað: *1 fp., 1 hálfst., 5 st., 1 hálfst., 1 fp.*. Heklið frá * til * í hvern boga, endið á 1 kl. í 1. fp. Klippið frá eða heklið kl. að fyrsta fp. á milli boganna.

Heklið nú fyrir aftan þessi krónublöð (sjá mynd, blómið er í raun tvöföld). Festið þráðinn með 1 kl. á milli tveggja boga. Heklið síðan *6 ll., 1 fp. í miðjuna á næsta boga*, endurtakið frá * til * í hvern boga, endið á 1 fp. í 1. kl. Í hvern boga er nú heklað: *1 fp., 1 hálfst., 1 st., 6 tvöf.st., 1 st., 1 hálfst., 1 fp.*. Heklið frá * til * í hvern boga, endið á 1 kl. í 1. fp.

Blóm á hvíta kragann:

1. umf.: Fitjið upp 6 ll. og tengid í hring með 1 kl.

2. umf.: 1 fp., 2 ll. til skiptis út umferðina = 5 loftlykkjubogar.

3. umf.: Heklið í hvern boga: 1 hálfst., 4 tvöfl. stuðlar, 1 hst.

4. umf.: 1 fp., 3 loftlykkjur til skiptis út umferðina = 6 loftlykkjubogar.

5. umf.: Heklið í hvern boga: 1 st., 4 tvöfl. stuðlar, 1 st.

Saumið perlu í miðju blómsins.

Skrautlengja á báða kragana: Heklið u.þ.b. 65 sm. ll., heklið til baka *2 hst., 3 tvöfl.st.* endurtakið frá * til * út umferðina. Festið lengjuna á kragann skáhalt niður (eins og á mynd af hvíta kraganum) eða fest við blómið og látin hanga

laus niður (eins og á mynd af brúna kraganum).



13

Grár kragi og stúkur úr Silk Mohair

Hönnuður: Helga Hreinsdóttir

Stærð: Ein stærð.

Garn: Silk Mohair.

Grátt nr. 1076: 2 dokkur.

Hekluál: Nr. 7.

Skammstafanir:

ll. = loftlykkja

kl. = keðjulykkja

fp. = fastapinni

st. = stuðull

hst. = hálfstuðull

llb. = loftlykkjubogi

tvöf.st. = tvöfaldur stuðull.

Athugið: Kraginn er allur heklaður með tvöföldu garni.

Fitjið upp með tvöföldu garni 110 ll. og heklið fp. til baka, 1 fp. í hverja lykkju = 110 fp. Snúið við með 1 ll. Heklið 1 st. í hvern af næstu 5 fp., síðan 3 st. í næsta fp. Heklið áfram *1 st. í hvern af næstu 10 fp. og síðan 3 st. í næsta fp.*. Endurtakið frá * til * alla umferðina.

Næsta umferð, stjörnuhekl: Byrjið í 2. ll. frá nálinni, heklið 1 fp., *heklið 1 ll., stingið nálinni í gatið sem þá myndast (aftari hluti loftlykkjunnar). Sækið bandið, þá eru 2 lykkjur á nálinni, stingið nálinni í sömu lykkju og fyrsti fp., sækið bandið, (reynið að hafa þetta frekar laust). Nú eru 3 lykkjur á nálinni, stingið nálinni í þar næstu ll. (þ.e.a.s. hoppíð yfir eina), sækið bandið, nú eru 4 lykkjur á nálinni, sláið upp á og dragið í gegnum allar lykkjurnar*. Endurtakið frá * til * alla umferðina. Endið á 1 ll. og 1 fp. í síðustu lykkjuna. Snúið við með 2 ll., heklið 1 fp. í næstu lykkju. *1 ll., stingið nálinni í gatið sem þá myndast, sækið bandið, stingið nálinni í miðjuna á næstu stjörnu, stingið nálinni í þar næstu ll. (hoppíð yfir eina), sækið bandið og nú eru 4 lykkjur á nálinni. Sláið upp á og dragið í gegnum allar lykkjurnar*. Endurtakið frá * til * alla umferðina. Endið á 1 ll. og 1 fp. Heklið þannig þar til stykkið mælist u.þ.b. 15 sm.

Heklaður blúndukantur að neðan:

1. umferð: *5 ll., hoppíð yfir 2 lykkjur og heklið 1 fp.*. Endurtakið frá * til * alla umferðina.

2. umferð: Heklið í hvern llb.: 1 fp., 1 hst., 1 st., 3 tvöf.st., 1 st., 1 hst., 1 fp.

Heklaður kantur við hálsnál: Heklið þannig:

1 kl., 1 hst., 2 st., 2 tvöf.st., 2 st., 1 hst., 1 kl..

Endurtakið frá * til * alla umferðina.

Festið smellur við hálsnál kragans ef óskað er.

Stúkur úr Silk Mohair

Garn: Silk Mohair

Grátt nr. 1076: 1 dokka.

Hekluál: Nr. 5.

Fitjið upp 20 ll., tengið í hring.

1. umferð: Heklið 3 ll. (= 1. stuðull), heklið 19 st. = 20 st. alls.

2. – 14. umferð: Heklið st. (munið að byrja umf. á 3 ll.).

Heklið 1 umferð af fp. (byrjið umf. á 1 ll.).

Klippíð frá.

Heklið snúru með ll. u.þ.b. 60 sm langa, heklið til baka *1 fp., 2 st. í næstu lykkju, 3 st. í næstu lykkju, 2 st. í næstu lykkju*. Endurtakið frá * til * alla umferðina. Saumið snúruna neðst á stúkuna, u.þ.b. 2 hringi. Heklið aðra stúku á sama hátt.

Heklið ofaná stúkuna: *1 fp., 1 hst., 2 st., 1 hst* Endurtakið frá * til * út umferðina.



45

Ungbarnasett úr Robust

Hönnuður: Þuríður Ósk Kristinsdóttir

Stærð: 6-9 mánaða.

Mál:

Yfirviðd: 58 sm.

Ermalengd: 18 sm.

Sidd frá handvegi: 20 sm.

Sidd, öll peysan: 30 sm.

Vidd á ermum, efst: 10 sm.

Garn: Robust

Grásprengr nr. 1022: 2 dokkur.

Grátt nr. 1042: 2 dokkur.

Prjónar/fylgihlutir: Hringprjón nr. 3,5. Sokka-prjónar nr. 3,5. Hekluál nr. 3,5. 5 tölur.

Prjónfesta: 20 lykkjur á prjóna nr. 3,5 = 10 sm.

Bolur: Fitjið upp 104 lykkjur með grásprengru á prjóna nr. 3,5. Prjónið fram og til baka. Fyrstu og síðustu 5 lykkjurnar á prjóninum eru alltaf prjónaðar sl. (garðaprjón) = listar. Prjónið stroff 2 sl., 2 br. yfir aðrar lykkjur.

2. prjónn.: Sl. yfir sl. og br. yfir br. og 5 lykkjur garðarprjón í byrjun og enda prjóns sem fyrr.

3. prjónn. Eins og 2. prjónn en gerið litla kaðla yfir allar sléttar lykkjur þannig: Prjónið aftan í seinni sléttu lykkjuna án þess að taka hana framaf, prjónið fyrri lykkjuna á hefðbundinn hátt (framan í lykkjuna) og takið báðar lykkjurnar framaf í einu.

Endurtakið 2. og 3. prjón þar til 3-4 snúningar hafa myndast.

Athugið: Gerið hnappagat á vinstri lista þegar þrjár garðar hafa myndast og síðan með u.þ.b. 9 garða millibili. Hnappagat á garðaprjónslistanum: Prjónið 2 sl., sláið uppá, takið 1 lykkju óprjónaða framaf, 1 sl., steypið óprjónuðu lykkjunni yfir.

Þegar stroffinu lýkur er prjónað sl. á réttu, br. á röngu og aukið út um 8 lykkjur með jöfnu millibili á fyrsta prjóninum. Prjónið þar til bolurinn mælist 20 sm. Fellið af 5 lykkjur í hvorri hlið þannig: Prjónið 26 lykkjur, fellið af 5 lykkjur, prjónið 50 lykkjur, fellið af 5 lykkjur, prjónið út prjóninn. Leggið bolinn til hliðar og prjónið ermar.

Ermar: Fitjið upp 28 lykkjur á sokka-prjóna nr. 3,5 og tengið í hring. Prjónið stroff 2 sl., 2 br. eins og á bol með köðlum á 2. hverri umferð yfir sléttu lykkjurnar. Prjónið þar til stroffið mælist jafnt stroffinu á bol. Prjónið slétt eftir að stroffinu lýkur og aukið út um 6 lykkjur á fyrstu umferðinni. Setjið merki í fyrstu og síðustu lykkjuna á prjóninum = merkilykkjur. Aukið út eina lykkju sitt hvorum megin við merkilykkjurnar á 10. hverri umferð samtals fjórum sinnum. Prjónið þar til ermin mælist 19-20 sm. Fellið af 5 lykkjur undir miðri erminni. Leggið ermuna til hliðar og prjónið aðra ermi á sama hátt.

Laskúrtaka: Sameinið bol og ermar. Látið af-felldu lykkjurnar á bol mæta affelldu lykkjunum á ermum.

Prjónið slétt á réttu, br. á röngu. Byrjið laskúrtöku á fyrstu sléttu umferðinni: Setjið merki í hver samskeyti milli bols og erma og prjónið 2 lykkjur brugðnar saman á undan og eftir merkinu. Endurtakið úrtökuna á 2. hverri umferð (réttunni). Prjónið samtals 5 umf. sl. á réttu, br. á röngu. Prjónið nú stroffmunstur með köðlum eins og neðan á bol og ermum. Haldið einnig áfram að taka úr við samskeyti milli bols og erma eins og fyrr. Prjónið þar til bolurinn mælist u.þ.b. 13 sm. frá handvegi eða u.þ.b. 72 lykkjur eru eftir á prjóninum. Hér lýkur laskúrtökunni. Jafnið lykkjufjöldann þannig að stroffmunstrið 2 sl., 2 br. + 5 lykkjur listi í hvorri hlið gangi upp. Prjónið stroffmunstur með köðlum sem fyrr þar til 2 snúningar hafa myndast. Fellið laust af. Saumið saman undir höndum. Heklið fastapinna með gráu í kringum peysuna og framan á ermar.

Húfa

Eyrnaskjól: Fitjið upp 10 lykkjur og prjónið stroff með kaðalmunstri eins og neðan á bol á peysu þar til 5 snúningar hafa myndast. Leggið eyrnaskjólíð til hliðar og prjónið annað á sama hátt. Setjið annað eyrnaskjólíð á 40 sm. hringprjón og fitjið upp 14 lykkjur, prjónið hitt eyrnaskjólíð og fitjið upp 46 lykkjur. Tengið í hring og prjónið stroffmunstur með köðlum sem fyrr þar til 3 snúningar hafa myndast á húfunni sjálfri. Prjónið sl. í hring þar til öll húfan mælist 10 sm. (mælt í miðju að framan).

Takið nú úr þannig: Prjónið *2 lykkjur sl. saman, 8 lykkjur sl.*. Endurtakið frá * til * út umferðina. Prjónið eina umf. án úrtöku. Prjónið *2 l. sl. saman, 7 lykkjur sl.*. Endurtakið frá * til * út umferðina. Takið þannig úr í 2. hverri umferð með 1 lykkju færri á milli úrtakanna í hvert sinn samtals 5 sinnum. Takið nú úr í hverri umferð þar til 6 lykkjur eru eftir á prjóninum. Prjónið 6 umf. sl. án úrtöku. Klippið frá. Dragið bandið í gegnum lykkjurnar sem eftir eru og herðið vel að. Heklið fastapinna með gráu í kringum húfuna og eyrnaskjólín. Heklið hæfilega langt loftlykkjuband. Snúið við og heklið fastapinna til baka. Festið band í hvort eyrnaskjól.

Vettlingar: Fitjið upp 32 lykkjur á sokka-prjóna nr. 3,5. Prjónið stroffmunstur með köðlum eins og neðan á bol á peysu þar til 8 snúningar hafa myndast eða eins langt og hver óskar. Prjónið nú gataröð þannig: *Sláið uppá, takið 1 lykkju óprjónaða framaf, 1 sl., steypið óprjónuðu lykkjunni yfir*. Endurtakið frá * til * út umferðina. Prjónið nú sl. og aukið út 6 lykkjur með jöfnu millibili á fyrstu umferðinni eftir

gataröðina. Þrjónið 18 umferðir sl. Setjið merki við upphaf umferðarinnar og eftir 19 lykkjur (= merki í hvorri hlið vettlingsins).

Næsta umferð, Úrtaka: Þrjónið 1 sl. takið 1 lykkju óþrjónaða framaf, 1 sl., steypið óþrjónuðu lykkjunni yfir. Þrjónið þar til 3 lykkjur eru eftir að merkinu, þrjónið 2 lykkjur sl. saman, 2 sl., takið 1 lykkju óþrjónaða framaf, 1 sl., steypið óþrjónuðu lykkjunni yfir, þrjónið þar til 3 lykkjur eru eftir að hinu merkinu, þrjónið 2 lykkjur sl. saman, 1 sl.

Endurtakið úrtökuna á 2. hverri umferð samtals 7 sinnum = 10 lykkjur á þrjóninum. Klippið frá, dragið bandið í gegnum lykkjurnar sem eftir eru og herðið vel að.

Heklið loftlykkjuband með gráu og þræðið í gataröðina.

Heklið fastapinna með gráu neðan á stroffið.

Sokkar: Sjá Fylgihlutablað Tinnu nr. 2.



46

Bleik barnapeysa

Hönnuður: Þuríður Ósk Kristinsdóttir

Stærð: 1 – 2 ára.

Mál á peysu:

Vídd á bol: 64 sm

Sídd frá kraga: 36 sm

Sídd frá handvegi og niður: 20 sm

Axlarstykki frá hálsmáli að handvegi: 16 sm

Ermalengd: 20 sm

Garn: Robust

Bleiksprengr nr. 4650: 3 dokkur

Grátt nr. 1042: 2 dokkur

Lanett nr. 4505: 1 dokka

Þrjónar/fylgihlutir:

Hringþrjón nr. 3 og 3,5. Sokkþrjónar nr. 3,5. 5 tölur.

Merkihringir

Peysan er þrjónuð ofanfrá og niður, fram og til baka. Fitjið upp 60 lykkjur á þrjóna nr. 3.

Athugið: Fyrstu 5 og síðustu 5 lykkjurnar eru þrjónaðar með garðþrjóni (slétt á réttu, slétt á röngu) alla peysuna (= listar að framan), þrjónið 5 sléttar lykkjur, síðan *2 sléttar og 2 brugðnar*, endurtakið frá * til * þar til 5 lykkjur eru eftir, þrjónið þær sléttar.

2. þrjón: Þrjónið 5 sléttar, *2 brugðnar, 2 sléttar*, endurtakið frá * til * þar til 5 lykkjur eru eftir, þrjónið þær sléttar.

3. þrjón: Þrjónið nú litla kaðla yfir allar sléttu lykkjurnar þannig: Þrjónið fyrst aftan í 2. lykkju á vinstri þrjóni án þess að taka hana fram af, síðan framan í 1. lykkju á vinstri þrjóni, takið báðar lykkjurnar fram af í einu.

Endurtakið 2. og 3. þrjón þar til 2 - 3 snúningar hafa myndast og endið á 2 umf. 2 sl., 2 br.

Athugið: Gerið fyrsta hnappagatið á listann á 5. þrjóni þannig: Þrjónið 2 lykkjur, sláið upp á, takið 1 lykkju óþrjónaða, 1 slétt, steypið óþrjónuðu lykkjunni yfir. Endurtakið hnappagatið með u.þ.b. 10 – 11 gördum á milli (eftir sídd).

Þrjónið síðan slétt á réttu, brugðið á röngu og

aukið jafnframt í 3 lykkjur á fyrsta þrjóni með jöfnu millibili. Skiptið yfir á þrjóna 3,5 og setjið merki og aukið í þannig (frá réttunni): Þrjónið 14 lykkjur á framstykki (listinn meðtalinn), aukið í 1 lykkju með því að taka upp bandið fyrir framan næstu lykkju og þrjóna það snúði slétt, setjið merki í næstu lykkju, aukið í aðra lykkju. Þrjónið 5 lykkjur (ermi), aukið í 1 lykkju, merki í næstu lykkju, aukið í 1 lykkju, þrjónið 25 lykkjur (bakstykki), aukið í 1 lykkju, merki í næstu lykkju, aukið í 1 lykkju, þrjónið 5 lykkjur (ermi), aukið í 1 lykkju, merki í næstu lykkju, aukið í eina lykkju, þrjónið síðustu 14 lykkjurnar (framstykki). Nú á að vera 71 lykkja á þrjóninum. Þrjónið nú áfram og aukið jafnframt í báðum megin við merkilykkjurnar í 2. hverri umferð (frá réttunni) þar til axlastykkið mælist u.þ.b. 15 sm frá snúningunum eða þar til búið er að þrjóna 18 útaukningar. Hér væri hægt að mæta peysuna, ef óskað er eftir stærri peysu og hún passar um hálsmálið má halda áfram með útaukningarnar þar til axlastykkið er hæfilegt.

Næsti þrjón: Þrjónið að ermi, setjið ermalykkjurnar á band eða þrjónanælu, fitjið upp 5 lykkjur undir erminni, þrjónið að næstu ermi og setjið seinni ermalykkjurnar einnig á band eða nælu, fitjið upp 5 lykkjur undir erminni. Þrjónið nú bolinn fram og til baka þar til hæfilegri sídd er náð, þrjónið þá stroff (2 sléttar, 2 brugðnar) með snúningum eins og í hálsmáli þar til 3 snúningar hafa myndast (eða eins langt og hver óskar).

Setjið aðra ermina á sokkþrjóna nr. 3,5, fitjið upp 5 lykkjur undir miðri erminni eins og á bol og þrjónið ermina í hring niður. Í 10. umferð eru teknar úr lykkjur báðum megin við 2 miðlykkjur undir miðri erminni þannig: Þrjónið 1 lykkju, þrjónið 2 lykkjur saman (farið aftan í lykkjurnar), þrjónið þar til 3 lykkjur eru eftir í umferðinni, þrjónið 2 lykkjur saman (farið framan í lykkjurnar), þrjónið 1 lykkju. Endurtakið þessa úrtöku í 10. hverri umferð, alls 5 sinnum. Þrjónið þar til hæfilegri ermallengd er náð (u.þ.b. 20 sm), þrjónið stroff með snúningum eins og neðan á bolnum. Þrjónið hina ermina á sama hátt.

Frágangur: Saumið saman undir ermumun. Gangið frá endum. Heklið fastapinna með tvöföldu Lanett utan um alla peysuna og framan á emmar.



53

Heklaður dökkgrár kragi

Hönnuður: Helga Hreinsdóttir

Stærð: Ein stærð

Garn: Kitten Mohair og Sisu.

Sisu nr. 1099: 2 dokkur

Kitten Mohair nr. 1076: 2 dokkur

Heklungar/fylgihlutir: Heklungal nr. 7 1 smella.

Skammstafanir:

ll. = loftlykkja

kl. = keðjulykkja

fp. = fastapinni

st. = stuðull

hst. = hálfstuðull

llb. = loftlykkjubogi

tvöf.st. = tvöfaldur stuðull.

Athugið: Allur kraginn er heklaður með tvöföldu garni, 1 þræði af Sisu og 1 þræði af Kitten.

Stærri stykkið: (athugið að hekla 1 ll. í byrjun hverrar umf. með fp. og 3 ll. í byrjun hverrar umf. með st.)

1. umferð: Fitjið upp 51 ll.

2. umferð: Heklið 1 fp. í hverja ll.

3. umferð: Heklið 1 fp. í hvern fp.

4. umferð: Heklið 1 st. í hvern fp.

5. umferð: Heklið *1 fp., 4 st. í næstu lykkju, hoppið yfir 3 lykkjur*, endurtakið frá * til * alla umferðina.

6. umferð: *4 ll., 1 fp. (heklið hann aftan í st. í fyrri umf.)*, endurtakið frá * til * alla umferðina.

7. umferð: Heklið 3 fp. í hvern llb.

8. umferð: Heklið 1 fp. í hvern fp.

9. umferð: Heklið 1 fp. í hvern fp.

10. umferð: Heklið 1 fp. í hvern fp.

11. umferð: Heklið *1 fp., 4 st. í næstu lykkju, hoppið yfir 3 lykkjur*, endurtakið frá * til * alla umferðina.

12. umferð: *4 ll., 1 fp. (heklið hann aftan í st. í fyrri umf.)*, endurtakið frá * til * alla umferðina.

13. umferð: Heklið 3 fp. í hvern llb.

14. umferð: Heklið 1 fp. í hvern fp.

15. umferð: Heklið 1 st. í hvern fp.

16. umferð: Heklið 1 fp. í hvern st.

Klippið frá.

Minna stykkið: (athugið að hekla 1 ll. í byrjun hverrar umf. með fp. og 3 ll. í byrjun hverrar umf. með st.)

1. umferð: Fitjið upp 19 ll.

2. umferð: Heklið 1 fp. í hverja ll.

3. umferð: *4 ll., 1 fp., hoppið yfir 3 lykkjur*, endurtakið frá * til * alla umferðina.

4. umferð: Heklið 5 st. í hvern llb.

5. umferð: *6 ll., 1 fp. (heklið hann á milli 5 st.hópanna í fyrri umf.)*, endurtakið frá * til * alla umferðina.

6. umferð: Heklið: 2 st., 4 tvöf.st., 2 st. í hvern llb.

7. umferð: *6 ll., 1 fp. (heklið fp. á milli stuðlahópa og í miðjan st.hóp í fyrri umf.)*, endurtakið frá * til * alla umferðina.

8. umferð: Heklið: 2 st., 2 tvöf.st., 2 st. í hvern llb.

9. umferð: *4 ll., 1 fp. (heklið fp. á milli stuðlahópa og í miðjan st.hóp í fyrri umf.)*, endurtakið frá * til * alla umferðina.

Látið eitt horn af hvoru stykki mætast og festið þannig saman að minna stykkið komi að framan en stærra stykkið liggja í kringum hálsinn.

Byrjið að hekla þar sem hornin mætast, heklið hringinn og endið efst á minna stykkinu.

Heklað í kringum minni kragann: *1 fp., 4 st. í hvern llb.*, endurtakið frá * til *.

Heklað í kringum stærri kragann: Heklið *1 fp. í næstu lykkju, 4 st. í næstu lykkju*, endurtakið frá * til *.

Rós: Fitjið upp 4 ll. og tengið í hring með 1 kl.

1. umferð: Heklið 12 fp. í hringinn.

2. umferð: 2 ll., 3 st. í fyrsta fp., *1 kl. í næsta fp., 2 ll., 3 st. í sömu lykkju og kl.*, endurtakið frá * til * allan hringinn = 6 blöð, endið á 1 kl.

Festið rósina á minna stykkið, rétt þar sem stykkinn mætast.

